

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Kóðinn 1.0 og Samtök inaðarins hafa hafið formlegt samstarf.

Kóðinn 1.0 eru forritunarleikar fyrir krakka í 6. og 7. bekk en þar er tekist á við vikulegar áskoranir á micro:bit smátölvunni sem tengjast tölvum, forritum, snjallsímum, internetinu og fleira og fleira. <http://krakkaruv.is/heimar/kodinn>  
Samstarfið felur í sér meðal annars sameiginlegt kynningarstarf og samvinnu á sviði fræðsluefnis og námskeiða/vinnustofur fyrir kennara og nemendur. Er markmið samstarfsins að styðja við mikilvæga uppbyggingu forritunarkennslu á Íslandi og nýsköpun henni tengdri.

Með samstarfinu opnast nú möguleiki á að þeir nemendur sem taka þátt í forritunarleikum Kóðans, geta sent inn hugmynd sína samhliða inn í NKG. Þar er ferlið það sama fyrir alla og sama umsóknareyðublað er til staðar.

Ef hugmyndir, sem tengjast Kóðanum, komast í úrslit NKG, þá munu hugmyndasmiðirnir fá aðstoð leiðbeinenda og íhluti á vinnustofunni. Sérstök verðlaun verða svo veitt „NKG – Kóðinn 1.0“

Er það von okkar að með samstarfinu, fái enn fleiri nemendur tækifæri til að láta ljós sitt skína samhliða því að efla nýsköpunar- og forritunarkennslu í grunnskólum landsins.

Sjá nánar á : <http://nkg.is/4209-2/>

